

Miðvikudaginn 7. nóvember 1962.

Nr. 62/1962. **Árni Böðvarsson** (Ólafur Þorgrímsson hrl.)
 gegn
Steingrími Árnasyni (Enginn).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Lárus Jóhannesson, Gizur Bergsteinsson,
 Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór
 B. Línal.

Öflun aðfararheimildar á gerðardómi.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. apríl 1962 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að teknar verði til greina kröfur hans í héraði um 11% ársvexti frá 16. september 1960 til greiðsludags og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda að skaðlausu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var þingfest í júnímánuði s.l., og því frestað til októbermánaðar. Við fyrirtekt þess þá mætti stefndi ekki og enginn af hans hálfu. Hefur málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935, shr. 61. gr. laga nr. 57/1962, og dæmt eftir framlögðum skjölum.

Er áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína, hafði stefndi áfrýjað málinu af sinni hendi, en því áfrýjunarmáli lauk með útivistardómi 31. október s.l.

Með því að engir þeir gallar eru á hinum áfrýjaða dómi, er standi í vegi fyrir kröfum áfrýjanda, ber að staðfesta hann með þeirri breytingu, að vaxtaupphæð ákveðst 6% ársvextir frá 1. janúar 1955 til 12. október 1960, 9% frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Þá ber og að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Steingrímur Árnason, greiði áfrýjanda, Árna Böðvarssyni, kr. 180.738.52 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1955 til 12. október 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. marz 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. f. m., hefur Árni Böðvarsson útgerðarmaður, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 22. október 1960, gegn Steingrími Árnasyni útgerðarmanni, Nýlendugötu 24 B, Reykjavík. Er málið höfðað til að fá aðfararhæfan dóm í samræmi við úrskurð gerðardóms, dags. 16. september 1960. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 180.738.52 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1955 til 16. september 1960 og 11% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt þess, að úrskurði gerðardómsins verði hrundið og hann dæmdur ógildur. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Málsatvik eru þau, að með samningi aðilja, dags. 18. apríl 1958, var ákveðið, að öll ágreiningsefni aðilja í milli skyldu lögð í gerðardóm. Var í samningi þessum tiltekið, hver ágreiningsefni þau væru, eða „... þær kröfur, sem við höfum þegar gert hvor á hendur öðrum í dómsmálum, bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, og enn fremur um aðrar kröfur, sem hvor okkar kann að gera á hendur hinum, utan réttar, enda verði slíkar kröfur lagðar fram í síðasta lagi fyrir 31. maí 1958“. Í lok samnings þessa segir enn fremur, að úrskurður gerðardómsmanna skuli vera endanleg lok á öllum ágreiningsefnum aðilja og skuldbindi þeir sig til að hlíta þeim úrskurði að öllu leyti.

Gerðardómur var skipaður í samræmi við ákvæði samningsins, einn tilnefndur af hvorum aðilja og oddamaður tilnefndur af Hæstarétti. Gerðardómurinn komst ekki að sameiginlegri nið-

urstöðu. Meiri hlutinn, oddamaður og hinn tilnefndi gerðardómsmaður stefnanda, úrskurðuðu stefnda til að greiða stefnanda kr. 180.738.52 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1955 til greiðsludags, hinn síðarnefndi þó með þeirri athugasemd, að hann taldi réttara, að sýkna bæri stefnda aðeins að svo stöddu af kröfum stefnanda um greiðslu vegna þurrfisks, umbúða og beitusíldar, sem kynni að hafa verið fram yfir 600 tonnur, en alger sýkna var um þetta atriði í framangreindri niðurstöðu. Minni hlutinn, hinn tilnefndi gerðardómsmaður stefnda, skilaði sératkvæði á þá lund, að hann taldi stefnanda eiga að greiða stefnda kr. 326.-840.51 ásamt vöxtum.

Stefnandi byggir kröfu sína á hinum sameiginlega meirihluta úrskurði gerðardómsins, og þar sem stefndi hafi ekki fengizt til að inna af hendi skyldu sína samkvæmt honum, beri sér nauðsyn til að fá aðfararhæfan dóm um þá niðurstöðu gerðardómsins.

Stefndi byggir kröfu sína í fyrsta lagi á því, að meiri hluti gerðardómsins hafi farið út fyrir umboð það og verksvið, er honum hafi verið sett í upphafi og ekki byggt dóm sinn eða niðurstöðu á því réttarsambandi eða grundvelli, sem falizt hafi í leigumála milli aðilja.

Í annan stað byggir stefndi kröfu sína á því, að gerðardómurinn hafi ekki komizt að endanlegri niðurstöðu um ágreiningsefni aðilja, þar sem tveir af þremur gerðardómsmönnum hafi skilað sératkvæði og undirritað úrskurðinn með fyrirvara.

Í þriðja lagi er krafa stefnda á því byggð, að gerðardómurinn hafi um önnur atriði en þau, er beinlínis komu leigugjaldi aðiljanna við, sem þó hafi verið samið um, að gerðardómurinn fjallaði um, byggt niðurstöðu sína á atriðum, sem ósönnuð séu með öllu, meðal annars vegna falsvottorða eða óviljandi rangra vottorða, sem stefnandi hafi lagt fram í gerðardómi og meiri hluti dómsins síðan að órannsökuðu máli lagt til grundvallar niðurstöðu sinni.

Grundvöllur að samskiptum aðilja, sem leiddi til ágreiningsefna þeirra í milli, er leigumáli, dagsettur í janúar 1953, þar sem stefnandi f. h. Íss h/f í Kópavogi selur stefnda á leigu rekstur hraðfrystihúss félagsins og önnur framleiðslustæki. Stefnandi varð síðan persónulegur aðili að samskiptum aðilja um leigumálann í stað félagsins. Fyrir gerðardómnum höfðu aðiljar uppi hvor um sig kröfur á hendur hinum, og voru þær allar sprotnar af þessum leigusamskiptum aðilja.

Eigi verður séð, að gerðardómurinn hafi á nokkurn hátt tekið afstöðu í úrskurði sínum til annarra atriða en þeirra, sem tóku til samskipta aðilja varðandi leigumálann, og þeirra krafna, sem þeir höfðu uppi hvor á hendur öðrum og ágreiningur var um. Verður því eigi á það fallið með stefnda, að gerðardómurinn hafi farið út fyrir það umboð, er honum var sett.

Eins og fyrr er greint frá, skilaði gerðardómurinn ekki sam-eiginlegri niðurstöðu. Meirihlutaniðurstaða úrskurðar stefnda til greiðslu á kr. 180.738.52 ásamt vöxtum. Athugasemd hins til-nefnda gerðardómsmanns stefnanda breytir því ekki, að meiri-hlutaúrskurður gerðardóms er um þá tölulegu niðurstöðu, og verður sá úrskurður talinn hér gildur sem slíkur.

Hér fyrir dómi hefur stefndi lagt fram ýmis gögn til stuðnings þeirri fullyrðingu sinni, að gerðardómurinn í meirihluta-niðurstöðu sinni hafi byggt á atriðum, sem ósönnuð hafi verið og beinlínis röng. Það er ekki hlutverk þessa dóms að meta efnisatriði í niðurstöðu gerðardómsins, sem, eins og áður segir, skyldi úrskurða um ágreiningsefni aðilja.

Samkvæmt því, sem að framan segir, ber að veita stefnanda aðfararhæfan dóm um úrlausn gerðardómsins, þar sem stefndi hefur eigi fengizt til að inna af hendi skyldu sína samkvæmt henni. Eigi þykja efni til að dæma vaxtahæð meiri en ákveðið er í úrlausn gerðardómsins, eða 6%.

Þá þykir bera að dæma stefnda til að greiða stefnanda máls-kostnað í máli þessu. Þykir hann eftir atvikum hæfilega ákveð-inn kr. 3.500.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Steingrímur Árnason, greiði stefnanda, Árna Böðvarssyni, kr. 180.738.52 áamt 6% ársvöxtum frá 1. janú-ar 1955 til greiðsludags og kr. 3.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri að-för að lögum.